



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 15. febrúar 2011

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um staðgöngumæðrun, 139. löggjafarþing 2010 -2011. Þingskjal nr. 376 – 310. mál.

Mannréttindaskrifstofu Íslands hefur borist til umsagnar ofangreind þingsályktunartillaga um staðgöngumæðrun. Með henni er lagt til að velferðarráðherra verði falið að skipa starfshóp til að undirbúa frumvarp um staðgöngumæðrun hér á landi.

Mannréttindaskrifstofan vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Almennt.

Mannréttindaskrifstofan telur ekki tímabært að leggja fram frumvarp um staðgöngumæðrun ekki síðar en 31. mars 2011, eins og segir í þingsályktunartillögunni. Telur skrifstofan það allt of stuttan tíma til að vinna að slíku lagafrumvarpi enda er um mjög flókið mál að ræða og margt sem ber að skoða gaumgæfilega í þessu sambandi og ekki síst ræða á opinberum og þverfaglegum vettvangi.

Í 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, í 3. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna (SP) og í 8. gr. Mannréttinasáttmála Evrópu (MSE) er að finna ákvæði þar sem öllum mönnum er tryggður réttur til þess að ráða yfir eigin högum. Persónulegt sjálfræði felur ekki aðeins í sér bann við utanaðkomandi inngripi í líkama einstaklingsins heldur einnig rétt hans til að ráða yfir líkama sínum. Viðurkenning á slíkum rétti hefur orðið ráðandi á síðustu árum. Að ganga út frá því að kona (staðgöngumóðir) skuli bundin af samningi er afsalar henni rétti yfir líkama sínum gengur þvert á mannréttindasjónarmið.

Rétturinn til friðhelgi fjölskyldulífs nýtur verndar samkvæmt 16. gr. mannréttindayfirlýsingar SP, 8. gr. MSE og 71. gr. stjórnarskrárinnar. Á vettvangi mannréttinasáttmála Evrópu eru þessi réttindi aðeins talin ná yfir fjölskyldulíf sem þegar hefur verið stofnað til, en eru ekki talin fela í sér rétt til þess að



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

stofna til fjölskyldulífs hvar eða hvernig sem er. Með réttinum til friðhelgi fjölskyldulífs er einkum staðfestur réttur fjölskyldunnar til að vera saman og verða ekki aðskilin gegn vilja þeirra sem henni tilheyra. Aftur á móti kveður 12. gr. MSE á um réttinn til þess að ganga í hjúskap og stofna fjölskyldu. Í dómaframkvæmd MDE hefur hún verið túlkuð svo að hún feli aðeins í sér neikvæð réttindi, þ.e. bann við því að einstaklingar séu sviptir möguleikum sínum á því að eignast börn innan hjúskapar og með hefðbundnum hætti. Ákvæðið er því ekki talið fela í sér sjálfstæð jákvæð réttindi, þ.e. kröfu til einhvers konar aðstoðar við barneignir. Hitt er svo annað mál að samkvæmt 14 gr. MSE er ljóst að að því marki sem læknisfræðileg eða önnur aðstoð við barneignir er veitt umfram skyldu í landsrétti verður með sjálfstæðum hætti að gæta þess að það sé þá gert án mismununar. Margt er þó enn óljóst um efnislegt inntak 12. gr. MSE. Hver sem réttarþróunin kann að verða varðandi læknisfræðilega aðstoð við barneignir virðist ljóst að staðgöngumæðrun vekur sem slík enn djúpstæðari siðferðilegar spurningar sem hafa alls ekki verið leiddar til lykta á sviði MSE. Það er nánast óhugsandi að rétturinn til að stofna fjölskyldu nái svo langt að löghelga kröfu til þess að nýta sér staðgöngumæðrun, en þar með er ekki sagt að óheimilt sé gagnvart mannréttindaákvæðum að heimila staðgöngumæðrun. Hvað sem öllu líður er ljóst að við gerð laga um staðgöngumæðrun verður að hafa öll þessi ákvæði í huga og vera vakandi fyrir því að ekki sé gengið á rétt neins þeirra aðila sem að ferlinu koma þ.e.a.s. staðgöngumóðurinnar, einstaklingsins/parsins sem leitar aðstoðar hennar og síðast en ekki síst barnsins sjálfs.

Álitaefni er lúta að staðgöngumóðurinni.

Staðgöngumæðrun í velgjörðarskyni er langt og strembið ferli og getur haft víðtækar afleiðingar bæði líkamlegar og andlegar fyrir þá konu sem slíkt tekur að sér. Því verður að virða og taka fullt tillit til réttar hennar til að ráða yfir eigin líkama og skoða þær aðstæður sem hún er sett í þegar þess er farið á leit við hana að leggja á sig að ganga með barn annarrar konu. Ekki má heldur efast um þau tengsl sem alla jafna myndast með móður og barni á meðgöngu eða gera lítið úr þeim. Ætla má að slík tengsl verði oft og tíðum til staðar þrátt fyrir að þungunin hafi átt sér stað í þeim eina tilgangi að ganga með barn annarrar konu og gefa það frá sér strax að afstaðinni fæðingu.

Í flestum löndum Evrópu er að finna lög er lúta að tæknifrjóvgun og kynfrumu gjöfum og er algengast að tæknisæðing og glasafrjóvgun séu leyfð en að algert bann eða takmarkanir séu við staðgöngumæðrun. Þegar ákveða á hvort tímabært sé að leyfa staðgöngumæðrun hér á landi, hljóta stjórnvöld, í þessum málum líkt og í flestum öðrum málum, að bera sig saman við þessi lönd og þá sérstaklega Norðurlöndin, þar sem staðgöngumæðrun er almennt bönnuð. Einnig er verðugt umhugsunarefni, að þrátt fyrir að í flestum þessara landa séu ýmis úrræði fyrir hendi til þess að aðstoða einstaklinga við að geta börn, hafa ekki allir sömu möguleika á slíkum úrræðum. Það eru ekki aðeins fjárhagslegar hindranir sem standa í veginum, en þessar meðferðir eru dýrar og takmörkuð niðurgreiðsla og/eða styrkir í boði. Einnig eru ýmsar aðrar takmarkanir, m.a. aldur einstaklingsins/parsins, hjúskaparstaða, fjöldi barna, notkun á gjafakynfrumum ofl. Algengast er þó að aldur og hjúskaparstaða standi í veginum.¹ Verðugt er því að hafa í huga fyrir hverja

¹ ESHRE. „Comparative Analysis of Medically Assisted Reproduction in the EU: Regulation and Technologies.“
http://ec.europa.eu/health/blood_tissues_organs/docs/study_eshre_en.pdf



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

staðgöngumæðrun getur verið og hvort hægt sé að koma í veg fyrir að staðgöngumæðrun verði enn eitt úrræðið fyrir hina betur settu til að nýta sér neyð annarra.

Með heimsvæðingunni hafa nýir markaðir opnast fyrir konur þar sem þær í mörgum tilfellum starfa við bág kjör og óviðunandi aðstæður á hinum óopinbera vinnumarkaði þar sem lítið eftirlit er viðhaft og takmarkað öryggi tryggt. Þar með eru þær óvarðar fyrir hvers konar ofbeldi og hagnýtingu sem í flestum tilvikum er af kynferðislegum toga en hefur í auknum mæli, vegna þróunar í læknavísindum, einnig orðið hagnýting á þeim til æxlunar með því að leigja líkama þeirra til staðgöngumæðrunar. Þessi hagnýting á sér stað bæði á markaði innanlands sem og erlendis.² Þrátt fyrir að hér sé aðeins verið að leggja til að staðgöngumæðrun verði leyfði í velgjörðarskyni verður að hafa það í huga að óprúttnir aðilar geta alltaf fundið leiðir til þess að hagnýta sér neyð annarra. Því verður að vanda vel til verka við gerð löggjafar um staðgöngumæðrun, hún verður að vera vel ígrunduð og mjög ítarleg og tryggt að eftirlit verði virkt og öflugt því að alltaf er möguleiki á því að undirliggjandi þvinganir eða aðrar ástæður standi á bak við loforð konu um staðgöngumæðrun. Ákvörðun í þessum málum verður að taka mið af mannlegri reisn (human dignity).

Álitaefni er lúta að barninu sjálfu.

Þegar rætt er um staðgöngumæðrun vill oft brenna við að einblínt er eingöngu á rétt þeirra sem vilja nýta sér þjónustu staðgöngumóðurinnar og staðgöngumóðurina sjálfa en minna er lítið til barnsins, enda telst fóstur ekki fullgildur einstaklingur í lagalegum skilningi og nýtur ekki réttshæfis fyrr en við fæðingu. Hins vegar verður að hafa í huga að konan getur veitt samþykki sitt til þess að ganga með barnið en barnið sjálft getur á engan hátt veitt samþykki sitt og er viðkvæmasti einstaklingur alls ferlisins sem bæri því að njóta mestrar verndar.

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins (Barnasáttmálinn) er að finna ýmis réttindi sem aðildarríki eiga að tryggja öllum þeim börnum sem eru innan þeirra lögsögu. Stjórnvöld eiga ávallt að hafa hag barnsins að leiðarljósi við allar ákvarðanir er lúta að barninu sjálfu. Í 7. gr. Barnasáttmálans er börnum tryggður réttur til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra ef það er mögulegt. Staðreyndin er hins vegar sú að talsverður fjöldi barna hafa ekki möguleika á þessu og víðs vegar um heiminn eru foreldralaus börn á vergangi eða í umsjá stofnana og mannúðarsamtaka. Réttur barnsins til að þekkja uppruna sinn er ótvíræður og það hefur valdið börnum sálarflækjum fram á fullorðinsár að fá ekki slíkar upplýsingar því er nauðsynlegt að börn sem getin eru og fæðast með þessum hætti hafi fullan aðgang að öllum upplýsingum um tilurð sína.

Enn fremur ber aðildarríkjum skv. 35. gr. Barnasáttmálans og bókun við hann um sölu á börnum, barnavændi og barnaklám að gera allt sem við á, bæði innanlands og með tvíhliða og marghliða ráðstöfunum, til að koma í veg fyrir brottmál barna, sölu á börnum og verslun með börn í hvaða tilgangi sem er og hvernig sem slíkt á sér stað. Staðgöngumæðrun fyrir peninga getur, við ákveðnar aðstæður, verið felld undir verslun með börn ásamt fjárhagslegri hagnýtingu á líkama konunnar sem

² Asia Pacific Forum on Women, Law and Development. „My body, my life, my rights.“
http://www2.ohchr.org/english/issues/women/rapporteur/docs/VAWThailand_2009.pdf



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

gengur með það. Verða ríki því að hugleiða hvaða skilaboð þau eru að gefa leyfi þau staðgöngumæðrun jafnvel þó svo það sé aðeins í velgjörðarskyni.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri